

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 9. janúar 2024

Mál nr. E-2340/2022:

Fjara ehf.

(Lúðvík Bergvinsson lögmaður)

gegn

Rapyd Europe hf.

(Arnar Þór Stefánsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 12. desember sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 16. maí 2022, af stefnanda, Fjöru ehf., Hafnarstræti 91–95, Akureyri, á hendur stefnda, Rapyd Europe hf., Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur í málinu að stefndi verði aðallega dæmdur til þess að greiða stefnanda 66.600.900 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 1.958.850 kr. frá 20.6.2019 til 20.7.2019, en af 3.917.700 kr. frá þeim degi til 20.8.2019, en af 5.876.550 kr. frá þeim degi til 20.9.2019, en af 7.835.400 kr. frá þeim degi til 20.10.2019, en af 9.794.250 kr. frá þeim degi til 20.11.2019, en af 11.753.100 kr. frá þeim degi til 20.12.2019, en af 13.711.950 kr. frá þeim degi til 20.1.2020, en af 15.670.800 kr. frá þeim degi til 20.2.2020, en af 17.629.650 kr. frá þeim degi til 20.3.2020, en af 19.588.500 kr. frá þeim degi til 20.4.2020, en af 21.547.350 kr. frá þeim degi til 20.5.2020, en af 23.506.200 kr. frá þeim degi til 20.6.2020, en af 25.465.050 kr. frá þeim degi til 20.7.2020, en af 27.423.900 kr. frá þeim degi til 20.8.2020, en af 29.382.750 kr. frá þeim degi til 20.9.2020, en af 31.341.600 kr. frá þeim degi til 20.10.2020, en af 33.300.450 kr. frá þeim degi til 20.11.2020, en af 35.259.300 kr. frá þeim degi til 20.12.2020, en af 37.218.150 kr. frá þeim degi til 20.1.2021, en af 39.177.000 kr. frá þeim degi til 20.2.2021, en af 41.135.850 kr. frá þeim degi til 20.3.2021, en af 43.094.700 kr. frá þeim degi til 20.4.2021, en af 45.053.550 kr. frá þeim degi til 20.5.2021, en af 47.012.400 kr. frá þeim degi til 20.6.2021, en af 48.971.250 kr. frá þeim degi til 20.7.2021, en af 50.930.100 kr. frá þeim degi til 20.8.2021, en af 52.888.950 kr. frá þeim degi til 20.9.2021, en af 54.847.800 kr. frá þeim degi til 20.10.2021, en af 56.806.650 kr. frá þeim degi til 20.11.2021, en af 58.765.500 kr. frá þeim degi til 20.12.2021, en af 60.724.350 kr. frá þeim degi til 20.1.2022, en af

62.683.200 kr. frá þeim degi til 20.2.2022, en af 64.642.050 kr. frá þeim degi til 20.3.2022 en af 66.600.900 kr. frá 20.3.2022 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess til vara að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 10.370.947 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 16.10.2019 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda m.t.t. virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar þeirra.

Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Geta ber þess að með úrskurði Landsréttar frá 31. mars sl. í máli nr. 137/2023 var hluta af upphaflegri kröfugerð stefnanda vísað frá dómi. Stefnandi var þá upphaflega Þekking – Tristan hf., en frá 31. október sl. tók Fjara ehf. yfir aðild málsins til sóknar.

Ágreiningsefni og málsatvik

Ágreiningur í málinu lýtur að viðskiptum aðila í tengslum við rekstur tölvukerfis stefnda. Stefnandi er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem sérhæfir sig í rekstri og ráðgjöf, auk þess að bjóða fyrirtækjum upp á kerfisleigu, hýsingu, internetþjónustu, hugbúnaðarþjónustu og margs konar sérlausnir, en stefndi er þjónustufyrirtæki sem starfar á sviði greiðslumiðlunar. Meðan þeir atburðir áttu sér stað sem eru undir í málinu hét stefndi Korta eða Kortþjónustan hf., en heitir nú Rapyd Europe hf.

Nánar tiltekið, þá greinir málsaðila hér á um rétt uppgjör í kjölfar riftunar stefnda á umdeildum þjónustusamningi stefnanda við stefnda, en einkum greinir þá á um hver sá samningur sé, þ.e. hvort komist hafi á nýr samningur. Stefnandi telur að riftun stefnda á samningi aðila hafi verið ólöglegt og gerir hér aðallega fjárkröfu á hendur stefnda í samræmi við efni þess ætlaða samnings aðila, sem hann taldi þá gilda, en til vara er gerð krafa vegna vinnu stefnanda er var unnin í þágu stefnda. Óumdeilt er að stefnandi veitti stefnda sérhæfða þjónustu frá 1. september 2018 til 23. apríl 2019, en þann dag tilkynnti stefndi að hann hygðist hætta að kaupa þjónustu af stefnanda frá og með 31. maí s.á. Aðilar deila því hér bæði um grundvöll og uppgjör viðskiptanna.

Málsatvik eru annars þau að stefnandi og stefndi gerðu þann 20. ágúst 2018 með sér þjónustusamning sem tók gildi 1. september s.á., svokallaðan A-samning, en í honum komu fram skilmálar um tiltekna þjónustu sem stefnandi veitti stefnda síðan í kjölfarið. En samningurinn, er var ótímabundinn með þriggja mánaða uppsagnarfresti, var um notendþjónustu og útstöðvarekstur samkvæmt svokallaðri leið A í skilmálum stefnanda, sem mun hafa verið lágmarksþjónusta. Í samningnum var kveðið á um að stefnandi veitti stefnda vissa þjónustu varðandi daglegan rekstur tölvukerfis stefnda.

Nánar tiltekið var hér um að ræða lögsta þjónustustig sem stefnandi bauð upp á staðlaða samninga um, en til að mæta ólíkum þörfum einstakra viðsemjenda sinna

kveðst stefnandi á þessum tíma hafa boðið upp á mismunandi staðlaða þjónustusamninga sem báru yfirheitið „Tölvudeildin þín“ og voru staðlaðir í flokkum A–C, þar sem A-samningar („Rekstrarþjónusta Þekkingar“) kváðu á um daglegan rekstur tölvukerfa, B-samningar buðu upp á ýmsa viðbótarþjónustu og C-samningar kváðu á um heildarþjónustu á öllum tölvukerfum, rekstur útstöðva og netþjóna, umbótaverkefni, aðstoð við notendur, aðgang að sérfræðipækkingu o.fl. C-samningar kváðu því á um alþjónustu þar sem stefnandi var í raun tölvudeild þess er keypti þjónustuna.

Hvað varðar þjónustufarfir stefnda, þá er í starfsemi hans unnið eftir alþjóðlegum PCI-DSS öryggisstaðli (Payment Card Industry Data Security Standard) alþjóðlegu kortafyrirtækjanna Visa International og MasterCard International. Sá öryggisstaðall hefur það að markmiði að halda utan um kortaupplýsingar og þurfa söluaðilar sem meðhöndla kortaupplýsingar að uppfylla PCI-DSS öryggisstaðalinn. Gerir öryggisstaðallinn afar strangar öryggiskröfur er ná yfir alla þætti og allar hliðar á gagnaöryggi í kerfisrekstri og rekstri fyrirtækja sem meðhöndla kortanúmer. Stefndi fékk að sögn fyrstur íslenskra fyrirtækja PCI-vottun í lok árs 2005 og er vottunin endurnýjuð árlega.

Í fyrrgreindum A-samningi sem aðilar undirrituðu 20. ágúst 2018 var kveðið á um að stefnandi veitti stefnda þjónustu með daglegan rekstur tölvukerfa. A-samningar voru kynntir og markaðssettir af stefnanda sem „Rekstrarþjónusta Þekkingar“. Tédur samningur var ótímabundinn og með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samið var um fast verð fyrir hverja útstöð, en fjöldinn ekki tilgreindur. Að auki bar stefnda að kaupa fimm klukkustunda vinnu sérfræðings mánaðarlega, sem endurskoða skyldi að loknu þriggja mánaða reynslutímabili. Þá skyldu breytingar eða viðbætur við samninginn gerðar skriflega og undirritaðar af báðum aðilum. Af hálfu stefnda var samningurinn undirritaður af Gísla Heimissyni heitnum sem þá var yfirmaður tölvudeildar stefnda.

Skömmu síðar, eða 21. september 2018, leitaði fyrrgreindur Gísli Heimisson til stefnanda vegna hugmynda um gerð nýs heildarsamnings aðila þar sem aukinnar þjónustu stefnanda var óskað. Á fundum málsaðila í kjölfar hugmynda Gísla um gerð nýs heildarsamnings aðila hafi síðan komið fram að stefndi óskaði eftir því að stefnandi tæki að sér, auk framangreindrar þjónustu samkvæmt A-samningi þeirra, að annast heildarrekstur allra tölvukerfa stefnda, þar sem ætlunin væri að segja upp stórum hluta tölvudeildar stefnda og útvista þannig verkefnum sem deildin hafði áður séð um.

Af hálfu stefnanda er hér lögð áhersla á það að af hálfu stefnda hafi rík áhersla þá verið lögð á það að gerð þess háttar nýs heildarsamnings skyldi hraðað eftir föngum og að stefnandi legði til sína allra bestu starfsmenn í verkið þar sem miklir hagsmunir væru undir hjá stefnda og að verkefnið þyldi ekki bið. Í samræmi við þá ósk stefnda hafi stefnandi lagt til tvo lykilstarfsmenn í stýrihóp til að vinna verkefninu framgang. Á næstu dögum hafi aðilar síðan fundað stíft um útfærslu slíks nýs þjónustusamnings.

Í framhaldi af þeim fundum, þ.e. 25. september 2018, sendi stefnandi stefnda tölvupóst með uppköstum að nýjum þjónustusamningum. Þar bauð stefnandi stefnda að velja á milli tveggja annarra staðlaðra samninga innan flokksins „Tölvudeildin þín“, þ.e. annars vegar B-samnings og hins vegar C-samnings, en hvort tveggja hafi falið í sér mun umfangsmeiri þjónustu en samið hafði verið um þann 20. ágúst 2018.

Í umræddum tölvupósti sem sendur var til stefnda 25. september 2018 kom fram að tilboð stefnanda til stefnda miðaðist við þriggja ára óuppsegjanlegan samning. Byggir stefnandi á því að stefnda hafi hér hugnast betur C-samningur um alþjónustu fremur en aðrar leiðir í þjónustunni. Hafi þó af hálfu stefnda verið lögð rík áhersla á það að í slíkum samningi yrði kveðið á um fast áskriftargjald með fastri mánaðarlegri þóknun í stað tímagjalds fyrir vinnu stefnanda og skyldi samningurinn vera til a.m.k. þriggja ára. Á þann hátt hafi mátt tryggja að stefndi þyrfti ekki að greiða fyrir alla fjárfestinguna í upphafi en stefnandi fengi síðan þá fjárfestingu til baka ásamt með ásættanlegri framlegð á samningstímanum. Lítur stefnandi svo á að stefndi hafi þannig í þessum viðræðum málsaðila í reynd óskað eftir því að stefnandi tæki þannig við alþjónustu á rekstri tölvukerfa stefnda í stað þess starfsfólks sem þá starfaði hjá stefnda og sem stefndi ætlaði sér þá að segja upp störfum innan tíðar. En í samræmi við þetta hafi frekari viðræður aðila miðað að gerð áskriftarsamnings um alþjónustu, sbr. leið C, til a.m.k. þriggja ára. Stefnandi sendi stefnda síðan endanlegt uppkast að slíkum samningi aðila þann 1. október 2018. Um svipað leyti hafi jafnframt verið tilkynnt opinberlega um uppsagnir stórs hluta starfsmanna tölvudeildar stefnda.

Í þessum ætlaða síðari samningi, fyrirbyggjandi óundirrituðum áskriftarsamningi aðila um alþjónustu, segir að hann skyldi koma að öllu leyti í stað eldri samninga aðila, þ.m.t. samningsins frá 20. ágúst 2018, og ganga þeim framár um sama efni sem í gildi kynnu að vera. Er þar þá kveðið á um allar helstu skuldbindingar beggja aðila, þ.m.t. þjónustustig stefnanda og greiðslur stefnda fyrir þjónustu, þ. á m. mánaðarlegt áskriftargjald. Var þar kveðið á um að stefndi skyldi greiða stefnanda 1.958.850 kr. (auk vsk.) á mánuði fyrir þjónustuna. Þar kom jafnframt fram að samningurinn væri bundinn og óuppsegjanlegur til þriggja ára, en að loknum þeim tíma væri hann síðan uppsegjanlegur af beggja hálfu og þá með sex mánaða fyrirvara.

Af hálfu stefnda er hins vegar lögð áhersla á að á haustmánuðum 2018 hafi aðilar rætt saman um gerð nýs heildarsamnings um þjónustu stefnanda við stefnda. Ekki hafi þó orðið af gerð nýs heildarsamnings milli aðila, heldur hafi stefndi keypt af stefnanda ósamningsbundna þjónustu til viðbótar þjónustu eftir samningnum frá 20. ágúst 2018. Hafi stefnandi gert stefnda reikninga vegna þeirrar ósamningsbundnu þjónustu er stefndi greiddi jafnan á gjalddaga. Er því þannig mótmælt af stefnda að nýr samningur hafi komist á, sem stefnandi haldi fram, en enginn slíkur samningur hafi komist á og skýrist aðallega af því að stefnandi hafi ekki haft þá þekkingu á öryggisstaðli stefnda

sem stefndi hafi talið þörf á. Þá hafi aðilar ekki náð saman um viðskiptalega þætti, svo sem umfang samstarfsins, skilmála, fjárhæðir, gildistíma o.fl. Eini samningurinn sem hafi því yfirleitt verið í gildi á milli málsaðila sé sá frá 20. ágúst 2018 og í honum hafi eftirfarandi komið fram: „Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.“

Stefnandi leggur hér áherslu á það að frá og með 1. október 2018 hafi stefnandi þó strax byrjað að vinna í góðri trú samkvæmt efni fyrrgreinds nýs samnings án þess þó að hann væri undirritaður og sú vinna verið unnin í nánu samráði við og með vitneskju stefnda allt frá byrjun sem sjá megi í tölvupóstsamskiptum aðila. Ljóst sé að stefnandi hafi þannig þurft að tjalda miklu til í upphafi ætlaðs samningstímabils, svo sem með fjárfestingum, verulegu framlagi starfsfólks og hliðrun á öðrum verkefnum. Telur stefnandi ljóst að nýr samningur hafi þannig ótvírætt komist á í framkvæmd, sbr. samskipti aðila, athafnir þeirra og greiðslur, og aðeins átt eftir að undirrita hann.

Af hálfu stefnda er hér hins vegar vísað til þess að aðilar hafi vissulega rætt saman um gerð nýs heildarsamnings sem fæli í sér víðtækari þjónustu stefnanda við stefnda, sbr. tölvupóstsamskipti á milli Jóhanns Mássonar, sviðsstjóra hjá stefnanda, og Gísla Heimissonar, þáverandi yfirmanns hugbúnaðar- og tölvurekstrarsviðs stefnda, dags. 25. september 2018, þar sem upphaflega hafi verið rætt um þriggja mánaða verksamning. Stefnandi hafi útbúið nokkur drög að slíkum samningum sem að mati stefnda hafi verið áþekkt samningi er undirritaður var 20. ágúst 2018. Af hálfu stefnda hafi þau drög aldrei verið samþykkt heldur aðeins verið nefnt að ræða þyrfti þau nánar.

Vísar stefndi þá til þess að stefnandi hafi þannig sent honum þrenn drög en þau síðustu þeirra séu grunnur að þeim samningi sem stefnandi telji að hafi síðan komist á. Sendi stefnandi stefnda þannig loks umrætt „uppkast að samningi“ 1. október 2018, en í honum komi fram frekari skilgreining á þeirri þjónustu sem stefnandi hafi átt að sinna. Í drögunum, sem stefndi bendir á að hafi verið uppkast að samningi við annað félag, var tiltekið að mánaðarlegt gjald fyrsta árið ætti að vera 1.958.850 kr. án virðisaukaskatts, en verðið skyldi endurskoðast á 12 mánaða fresti. Í drögunum kom einnig fram að samningurinn ætti að vera bundinn til þriggja ára, en eftir þriggja ára samningstíma var samningurinn sagður uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara, en ekki sé kveðið á um uppsögn á gildistíma samnings líkt og í fyrri drögum.

Ekki var þó ritað undir þessi samningsdrög frekar en önnur drög sem send voru. Bendir stefndi á tölvupóst Gísla Heimissonar til Jóhanns Mássonar, dags. 2. október, í því sambandi, en þar segir: „Því miður hef ég verið mikið fjarverandi í dag og verð út vikuna. Ég mun því ekki komast í að skoða þetta fyrr en eftir helgina. Þó hef ég rennt yfir samninginn og tel að við þurfum að setja meira kjöt á beinin til að lýsa því sem er inni og því sem er úti.“ Telur stefndi þetta til marks um að enn hafi þá verið óráðið með inntak og umfang samnings en aldrei hafi verið fallist á af stefnda að

samningur milli aðila yrði óuppsegjanlegur til þriggja ára. Enn fremur vísar stefndi þá til tölvupósts Gísla Heimissonar til Edwards Arnar Jóhannessonar, ráðgjafa hjá Miracle, dags. 1. október 2018, en Edward hafi verið helsti ráðgjafi stefnda á þessum tíma varðandi PCI-DSS öryggisstaðalinn, en þar segir: „... ég er kominn með drög að samningi frá Þekkingu. Þessi drög eru afar einföld og vægast sagt mjög lítið kjöt á beinunum finnst mér um skyldur þeirra þannig að það eru mikil tækifæri til hártogana ef til þess kemur. [...] M.a. vil ég tryggja sem best að sem allra minnst verði um aukareikninga og að samningurinn feli skýrt í sér hvaða þjónusta skuli innifalin.“

Stefndi gengst þó við því að vinna stefnanda fyrir stefnda frá 1. október 2018 og fram á vorið 2019 hafi verið meiri en ráð hafi verið gert fyrir, m.a. vegna uppsagna hluta starfsmanna á hugbúnaðar- og tölvurekstrarsviði stefnda. Mögulega hafi því staðið til að gera samning við stefnanda um frekari þjónustu en ráðgert var í samningi frá 20. ágúst 2018. Voru framangreind samningsdrög því send til Gísla Heimissonar sem þá hafi, er fyrr segir, verið yfirmaður á hugbúnaðar- og tölvurekstrarsviði stefnda. Þau samningsdrög hafi þó að mati stefnda hvorki verið fullunnin né nokkurn tímann undirrituð, en það hefðu þá þar til bærir aðilar innan stefnda þurft að gera. Hafi nýr samningur því ekki komist á með aðilum líkt og stefnandi haldi fram. Stefnandi hafi hins vegar veitt stefnda frekari ósamningsbundna þjónustu sem greitt hafi verið fyrir. Ekki hafi þannig verið búið að semja um aðalatriði nýs samningsins, svo sem um umfang þjónustu, endanlegt verð, né um gildistíma og uppsagnarfrest samnings. Hafi viðræður um umfang samstarfsins haldið áfram fram á vorið 2019 þegar stefndi ákvað svo og tilkynnti um stöðvun kaupa á ósamningsbundinni þjónustu frá stefnanda.

Leggi stefndi fram innanhúspóstsamskipti á milli Gísla Heimissonar og Indriða Freys Indriðasonar, 18. október 2018, þar sem Indriði óskaði upplýsinga um hvort búið væri að gera samning á milli stefnanda og stefnda, þar sem reikningur hafi borist frá stefnanda. Í svari til Indriða segi Gísli: „Enginn samningur kominn. Sendu mér afrit af reikningnum. Tölum svo um þetta.“ Þá leggur stefndi fram tölvupóst Guðmundar Arnars Þórðarsonar, starfsmanns stefnanda, til Indriða Freys Indriðasonar, starfsmanns stefnda, dags. 6. nóvember 2018, með viðhengdri trausts- og viljayfirlýsingu. Í yfirlýsingunni komi það fram að stefnandi og stefndi séu að „vinna að þjónustusamningi um frekara samstarf fyrir næstu misserin“. En hvergi komi fram í yfirlýsingunni, sem samin hafi verið af stefnanda 1. nóvember 2018, um mánuði eftir að stefnandi hafi haldið því fram að komist hafi á nýr samningur aðila, að nýr samningur hafi komist á milli fyrirtækjanna. Þetta sé svo jafnframt ítrekað í tölvupósti Jóhanns Mássonar, starfsmanns stefnanda, til Sigurhjartar Sigfússonar, starfsmanns stefnda, 5. desember 2018, þar sem Jóhann óskar eftir því að hitta Sigurhjört þar sem ganga þurfi frá því hvernig eigi að taka samstarfið áfram. Hafi þeir fundað í kjölfarið og rætt málin og enn í janúar 2019, en ekki komist á nýr samningur á þeim fundum.

Vísar stefndi til þess að enginn samningur hafi þannig komist á milli aðila, annar en samningur sá sem óumdeilt sé að gildi, dags. 20. ágúst 2018. Þá hafi samskipti aðila ekki uppfyllt þau formlegu skilyrði sem stefnandi hafi sjálfur sett til þess að samningur kæmist á. En í téðum samningi aðila frá 20. ágúst 2018 hafi verið skýrt kveðið á um að breytingar á honum þyrfti að gera skriflega, sbr. og almennra viðskiptaskilmála stefnanda, dags. 9. desember 2014, í þá veru. Ekkert slíkt skriflegt samþykki liggi fyrir í málinu og að mati stefnda heldur ekki heldur munnlegt samkomulag málsaðila.

Fyrir liggur að frá og með 1. október 2018 og næstu átta mánuði þar á eftir hafi stefnandi þó sent áskriftarreikninga til stefnda um hver mánaðamót sem hann telur vera í fullu í samræmi við hinn ætlaða nýja áskriftarsamning aðila, þ.e. reikninga samkvæmt hinu umsamda mánaðarlega gjaldi vegna þjónustu sem ber heitið „Tölvudeildin þín“, sbr. hreyfingaryfirlit og fyrirliggjandi útgefna reikninga til stefnda. Aldrei hafi verið gerðar neinar athugasemdir við það af hálfu stefnda að unnið væri samkvæmt samningi þeim sem stefnandi taldi þannig komið á eða um efni hans eða um að stefnandi gæfi þannig út reikninga um greiðslu fasts gjalds í samræmi við efni sammingsins enda reikningarnir jafnan verið greiddir athugasemdalaust á gjalddaga.

Auk ofangreindra reikninga vegna umsamins áskriftargjalds hafi stefnandi sent stefnda á þessu sama tímabili alls sjö reikninga, þá annars vegar þrjá reikninga vegna vörukaupa, alls að fjárhæð 68.373 kr., sem allir voru greiddir, og hins vegar fjóra reikninga vegna aukaverka sem féllu ekki undir þjónustusamning aðila, alls að fjárhæð 3.475.051 kr. Stefndi greiddi einn þeirra reikninga strax, en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6925/2019 var stefnda gert að greiða þá þrjá reikninga sem eftir stóðu og var sú dómkrafa greidd af hálfu stefnda 1. júní 2021. Eru þau viðbótarviðskipti málsaðila þannig þegar til lykta leidd og þær kröfur nú greiddar.

Stefnandi leggur áherslu á að ljóst sé að hann hafi í öllu falli lagt fram afar mikla vinnu í þágu stefnda á fyrstu vikum og mánuðum hins ætlaða nýja sammings og á þeim tíma hafi þurft að hliðra til öðrum verkefnum svo stefnandi ætti möguleika á að taka verkefnið yfir og efna þann samning samkvæmt efni sínu. Af því hafi hlotist talsverður kostnaður og eftir atvikum fjárhagslegt tjón vegna tapaðra verkefna. Megi nefna að í október 2018 hafi vinnustundir stefnanda í þágu stefnda verið alls 440 talsins, sem stefnandi telji að hefði numið um 9,9 milljónum kr. (án vsk.) ef sú vinna hefði verið útseld með venjubundnum hætti. Í samræmi við ætlaðan samning aðila hafi stefnandi hins vegar þá aðeins sent stefnda áskriftarreikning að fjárhæð 1.958.850 kr., enda gert ráð fyrir að mesta vinnan og fjárfestingin myndi eiga sér stað í upphafi sammingsins, en að hún fengist síðan greidd jafnt og þétt yfir allan þriggja ára samningstímann.

Í október 2018, um það leyti sem stefnandi hóf að vinna fyrir stefnda samkvæmt því sem hann áleit vera hinn nýja samning málsaðila um þjónustuna, þurfti Gísli Heimisson, þáverandi forstöðumaður stefnda, að hverfa frá störfum vegna alvarlegra

veikinda, en hann hafði fram til þess verið tengiliður stefnanda við stefnda vegna samstarfsins. Fól hann Björgvini Skúla Sigurbergssyni, þáverandi framkvæmdastjóra stefnda, að fylgja málinu eftir. Í byrjun desember 2018 lét Björgvin Skúli af störfum hjá stefnda og snemma árs 2019 tók svo Sigtryggur Arnar Árnason, enn annar forsvarsmáður stefnda, við málinu. Lítur stefnandi svo á að vegna þessa mikla umróts hafi farið svo að hinn nýi þjónustusamningur aðila hafi aldrei verið undirritaður þrátt fyrir að stefnandi hafi talið sig hafa bæði innheimt og greitt samkvæmt efni hins nýja samnings, er til hafi verið í drögum, frá 1. október 2018 og fram til loka maí árið 2019.

Fljótlega eftir að Sigtryggur tók við málinu fyrir hönd stefnda leitaði hann eftir fundi með forsvarsmönnum stefnanda til þess að koma sér betur inn í samstarf aðila og þá eftir atvikum til að semja um einhvers konar breytingar á þjónustunni ef tilefni væri til. Erfiðlega gekk þó að ná saman til þess að funda og framan af fékk Sigtryggur upplýsingar frá stefnanda í tölvupósti. Í þeim samskiptum upplýsti stefnandi Sigtrygg m.a. um þann nýja samning er stefnandi teldi að væri í gildi milli aðila og verið væri að vinna eftir, sbr. tölvupósta, dags. 19. febrúar 2019. Í þeim póstum kom beinlínis fram að í samningi aðilanna fælist „binditími í 3 ár“ og að um væri að ræða þjónustu stefnda sem félli undir það sem kallaðist „Tölvudeildin þín“. Við þetta hafi Sigtryggur þá engar athugasemdir gert og hann raunar staðfest í öðrum samskiptum aðila að honum væri kunnugt um að stefndi nyti þeirrar umræddu þjónustu af hálfu stefnanda.

Í apríl 2019 hittust síðan forsvarsmenn aðila tvisvar til að ræða samstarfið. Á síðari fundinn mættu fulltrúar stefnanda með drög að hugmyndum um breytingar á samningi aðila. Á þeim fundi var forsvarsmönnum stefnanda tilkynnt um að stefndi hefði ákveðið að hætta samstarfinu við stefnanda og hefja samstarf um tölvuþjónustu við annan þjónustuaðila. Í kjölfar þessa, eða þann 23. apríl 2019, var stefnanda síðan sendur tölvupóstur um uppsögn eða riftun á öllum þjónustusamningum á milli aðila. Vísar stefndi hér til þess að honum hafi verið heimilt að segja upp þjónustusamningi aðila frá 20. ágúst 2018 og jafnframt að tilkynna um að félagið ætlaði að hætta að kaupa frekari ósamningsbundna þjónustu af stefnanda frá og með 31. maí 2019, svo sem gert var í tölvupósti 23. apríl 2019, en það sé sá samningur sem gilt hafi á milli aðila.

Eftir að tilkynnt hafði verið um riftun samningsins funduðu aðilar í því skyni að reyna að finna flöt á því hvernig mætti ljúka samstarfinu á þann hátt að stefnandi bæri ekki tjón af því að hafa gengið til og efnt ætlað samkomulag við stefnda á þann hátt sem stefnandi taldi sig hafa gert en án árangurs. Í kjölfarið sendi stefnandi kröfubréf til stefnda, dags. 16. september 2019. Í svarbréfi stefnda, dags. 11. nóvember 2019, var öllum kröfum stefnanda hafnað. Stefndi stefnandi þá stefnda fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til þess að fá úrlausn þessara mála. En í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. maí 2021 í málinu nr. E-6925/2019 var aðalkröfu stefnanda um greiðslu efnabóta í því formi sem þar kemur fram vísað frá dómi, meðan fallist var á kröfu

stefnanda um greiðslu framangreindra tiltekinna útistandandi viðbótarreikninga, sem ekki höfðu þá verið greiddir, en þeir féllu utan efnis hins umþrætta ætlaða samnings.

Í kjölfar þess að meginkröfu stefnanda var vísað frá dómi freistuðu aðilar þess að ná endanlegu samkomulagi um uppgjör sín á milli en ekki tókst að ná samkomulagi. Af þeim sökum höfðar stefnandi mál þetta á hendur stefnda í því skyni að freista þess nú að ná þannig fram fullnaðaruppgjöri á fyrrgreindri kröfu sinni á hendur stefnda, en stefndi tekur til varna gagnvart eftirstandandi kröfum stefnanda eins og nánar er rakið.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi geri aðallega þá kröfu að samningur aðila verði efndur samkvæmt efni sínu, þ.e. efndur *in natura*, en ef ekki verði fallist á aðalkröfu geri stefnandi varakröfu á grunni reglna um vangildisbætur, þ.e. að hafni dómurinn því að samningur hafi komist á verði stefnda gert að greiða stefnanda þann ógreidda kostnað sem sannanlega hafi fallið til í formi tímavinnu sem hafi verið unnin af hálfu stefnanda fyrir stefnda samkvæmt verkbeiðnum á grunni þágildandi gjaldskrár félagsins og kostnaðar við samningsgerð, auk vaxta af þeim kostnaði.

Stefnandi krefjist þess aðallega að stefnda verði gert að efna samning aðila samkvæmt efni sínu þannig að stefnda verði gert að greiða stefnanda alls 66.600.900 krónur, auk dráttarvaxta og virðisaukaskatts af höfuðstól kröfunnar.

Inntak kröfu um efndir samnings *in natura* ráðist alfarið af þeirri samningsskuldbindingu (gilt loforð) sem um sé að ræða hverju sinni, þ.e. þeirri skuldbindingu stefnda í þessu tilviki um að greiða stefnanda mánaðarlegt áskriftargjald í umsaminn tíma samkvæmt fyrirliggjandi samkomulagi aðila um þjónustu stefnanda.

Krafa stefnanda byggir á því að aðilar máls þessa hafi samið svo um að stefndi skyldi greiða stefnanda mánaðarlegt áskriftargjald vegna þjónustu stefnanda sem hafi verið skilgreind í samræmi við vöru stefnda, þ.e. „Tölvudeildin þín“, að lágmarki að fjárhæð 1.958.850 kr., auk virðisaukaskatts, í þrjú ár, auk sex mánaða uppsagnarfrests, eða samtals mánaðarlegar greiðslur í a.m.k. 42 mánuði. Fyrir þá greiðslu kæmi þjónusta stefnanda eins og samið hafi verið um á milli þeirra.

Þegar stefndi hafi rift samningi aðila, með ólögmætum og saknæmum hætti og án tilefnis, hafði stefndi þegar greitt átta mánaðarlegar áskriftargreiðslur í samræmi við efni samnings. Eftir standi því 34 ógreiddar greiðslur, þ.m.t. tímabil uppsagnarfrests, ásamt áföllnum dráttarvöxtum og virðisaukaskatti, er stefnandi krefjist nú greiðslu á.

Ágreiningur sé um það hvort samningur hafi stofnast eður ei milli málsaðila þess efnis er stefnandi hafi haldið fram. Stefndi hafi einkum byggt sjónarmið sitt um að samningur hafi ekki stofnast á því að samningurinn sjálfur hafi aldrei verið formlega undirritaður. Að mati stefnanda liggir á hinn bóginn ljóst fyrir að munnlegur samningur hafi stofnast með aðilum með því efni sem stefnandi haldi fram, sbr. hér eftirfarandi.

Nánar tiltekið telji stefnandi liggja fyrir, þrátt fyrir að aðilar hafi ekki undirritað samninginn, að af hegðun og samskiptum aðila megi augljóslega ráða að á milli þeirra hafi komist á bindandi samningur að efni til í samræmi við fyrirliggjandi óundirrituð samningsdrög um öll helstu meginatriði sem máli skipta varðandi efni hans.

Þessari málsástæðu til stuðnings bendir stefnandi á að samningsdrögin hafi verið send stefnda 1. október 2018 og séu grundvöllur efni samnings aðila. Drögin hafi sannanlega verið send milli fyrirsvarsmanna aðila, bæði í upphafi samningssambands og á síðari stigum. Hvorugur aðila hafi nokkurn tíma gefið til kynna í samskiptum þeirra, eða á meðan samningurinn hafi verið efndur eftir efni sínu af báðum aðilum, að nokkurt af fyrirliggjandi ákvæðum hans væri ósamþykkt eða þeim á móti skapi.

Þá leiki enginn vafi á því að báðir aðilar hafi haft fulla heimild til samningsgerðar á þann hátt að þeir hafi getað bundið málsaðila við samningsskuldbindingar. Þá liggja fyrir, sbr. samningsdrögin, að öll meginatriði efni samningsins hafi legið fyrir, svo sem um gildistíma, uppsagnarfrest, andlag þjónustu sem stefnandi hafi átt að inna af hendi („Tölvudeildin þín“), mánaðarlegar áskriftargreiðslur fyrir þjónustu stefnanda og uppsagnarfrest, auk ákvæða um aukaverk sem féllu utan samnings og greiða skyldi fyrir sérstaklega, líkt og framkvæmd samningsins beri um. Eftir þessum samningi hafi síðan verið unnið og greitt næstu átta mánuði eftir gildistöku hans 1. október 2018.

Gögn málsins beri því um skýran vilja beggja aðila til samningsgerðar, en svo til allar upplýsingar um þann vilja og tildrög þess að samningurinn hafi verið gerður liggja fyrir. Því sé bent á að við mat á því hvort tiltekinn samningur hafi komist á eða ekki verði að horfa til hegðunar aðila við samningsgerð. Enginn vafi leiki hér á því að ríkur vilji aðila hafi staðið til samningsgerðar. Megi þar m.a. vísa til tölvupóstsamskipta aðila, dags. 1. og 2. október 2018, en í þeim samskiptum sé verið að fjalla um, ákveða og skilgreina hvert aðgengi einstakra starfsmanna stefnanda skuli vera að viðkvæmum upplýsingum og tölvukerfum stefnanda. Það liggja fyrir að slíkt aðgengi starfsmanna stefnanda að viðkvæmum upplýsingum og kerfum í umsjá og eigu stefnda hefði ekki verið skilgreint og veitt á þann hátt sem gert hafi verið nema skýr heimild hafi búið að baki slíkri ákvörðun, þ.e. að fyrir hafi legið gildur samningur á milli aðila. Eini tilgangur þess að skilgreina og veita starfsmönnum stefnanda aðgang að viðkvæmum tölvukerfum og upplýsingum stefnda hafi verið sá hægt yrði að framkvæma umræddan samning til samræmis við efni hans. Megi nefna að starfsmenn stefnanda hafi þurft að framvísa sakavottorðum til þess að nauðsynlegt aðgengi að gögnum og kerfum yrði veitt. Þetta aðgengi hefðu starfsmenn stefnanda ekki þurft ef samningur aðila frá 20. ágúst 2012 hefði áfram grundvallað samningssambandið, enda breytingin falið í sér að stefnandi þyrfti aðgengi að kerfum er falli undir PCI-vottun, sem gerir tiltekna kröfur til þeirra sem þann aðgang fái, er ekki hafi þurft áður.

Þá bendir stefnandi á að um leið og hinum skriflega samningi var ætlað að taka gildi, þ.e. 1. október 2018, hafi stefnandi byrjað að veita stefnda þá þjónustu sem kveðið sé á um í samningsdrögum. Sú þjónusta hafi verið veitt í fullu samráði við og með vitneskju forsvarsmanna og starfsmanna stefnda, eins og gögn málsins beri glöggvitni um. Umrædd þjónusta sem veitt hafi verið eftir 1. október 2018 hafi einnig verið margfalt umfangsmeiri en sú þjónusta er stefnandi hafi áður veitt stefnda á grunni samningsins frá 20. ágúst 2018, svo ekki hafi getað farið á milli mála að miklar breytingar hafi átt sér stað í viðskiptasambandi aðila frá og með þeim umrædda degi.

Þá verður við mat á því hvort munnlegur samningur hafi komist á eður eigi að líta til þess hvernig aðilar hafi hagað sér að samningsgerð lokinni. Við mat á því verði að horfa til þess hvernig aðilar komu fram gagnvart hvor öðrum, þ.e. hvað hvor aðila hafi mátti ráða af hegðun hins eftir að samningsgerð hafi lokið. En aðilar hafi þá báðir uppfyllt athugasemdalaust meginskyldu sína samkvæmt samningnum. Annars vegar hafi stefndi greitt athugasemdalaust fyrir þjónustu stefnanda samfellt í alls átta mánuði eftir samningsgerð, eða þar til stefndi hafi ákveðið að rifta samningnum án heimildar. Hins vegar hafi stefnandi annast um þá þjónustu sem samningurinn hafi kveðið á um, en mjög mikil vinna hafi legið að baki efndum af hálfu stefnanda. Viðskiptasamband aðila hafi verið gjörólíkt eftir að hinn nýi samningur hafi tekið gildi. Hegðun aðila eftir samningsgerðina beri ekki nokkur merki um að samningurinn hafi ekki komist á.

Stefndi hafi aldrei gert athugasemdir við innheimtu gjaldsins og ávallt staðið í skilum með áskriftargreiðslur þá átta mánuði sem hann hafi greitt þær. Sú hegðun stefnda feli í sér augljós merki um að hann hafi litið svo á, líkt og stefnandi, að gildur samningur til umsamins tíma hafi stofnast á milli aðila sem aðilum hafi borið að efna.

Við mat á hegðun aðila eftir samningsgerð sé vert að nefna að þegar nýr forsvarsmáður hóf störf hjá stefnda í byrjun árs 2019 hafi honum verið kynnt að á milli aðila hefði á sínum tíma stofnast samningur sem fæli m.a. í sér þriggja ára binditíma, og að eftir honum væru báðir aðilar að starfa, sbr. tölvupóst, dags. 19. febrúar 2019. Við þessar skýringar hafi umræddur forsvarsmáður stefnda engar athugasemdir gert heldur hafi stefndi þvert á móti haldið áfram að óska eftir og þiggja þjónustu stefnanda og greiða mánaðarlegt áskriftargjald á grunni útgefna reikninga fyrir þjónustu eftir efni samningsins. Þá hafi sama forsvarsmanni verið vel kunnugt um aukið þjónustustig sem aðilar höfðu samið um, eins og fram komi í tölvupósti frá honum til stefnanda 15. mars 2019, þar sem segi m.a.: „Eru þetta viðbót ofan á „Tölvudeildin þín“ þjónustuna sem við erum með hjá ykkur?“ Fyrir liggi því að hegðun aðila eftir samningsgerð hafi verið með þeim hætti að báðir aðilar hafi talið að samningur hefði komist á um vissa afmarkaða þjónustu sem framkvæmd hafi verið með ákveðnum hætti og greitt fyrir hana samkvæmt mánaðarlegum áskriftarreikningum. En við mat

á því hvort samningur hafi komist á sé til þess að líta að grundvallarbreytingar hafi orðið á því hvernig greiðslum hafi orðið háttáð eftir að nýr samningur hafi tekið gildi.

Stefnandi byggir afstöðu sína til stofnunar og tilvist umrædds samnings þá á þeirri meginreglu íslensks samningaréttar að formfrelsi ríki um gerð löggerna. Þeir geti því verið bindandi fyrir aðila, hvort heldur sem þeir séu gerðir munnlega eða skriflega. Til þess að munnlegur eða óundirritaður samningur teljist bindandi þurfi að liggja fyrir vissar niðurstöður um grundvallaratriði hvað varði efni hans, einkum um megin-skyldur aðila, svo sem áskriftargreiðslur, tímalengd, uppsagnarfrest og þjónustuskuld-bindingar, í þessu tilviki. Þá þurfi samningur að vera gerður á milli aðila sem hafi haft stöðu til að gera bindandi samninga fyrir viðkomandi félög. Um allt þetta liggi fyrir skýrar niðurstöður, stefnandi hafi veitt þjónustu samkvæmt efni samningsins, stefndi greitt fyrir þjónustu í samræmi við hann og aðilar haft fullt umboð til að gera samning.

Varðandi efni samningsins þá liggi fyrir að aðilar hafi gert langtímasamning um áskrift stefnda að þjónustu stefnanda. Grundvallaratriðið í hugmyndafræði að baki því að fara þessa leið sé að í upphafi verði þjónustuveitandi að leggja í miklar fjárfestingar til að koma þjónustunni á. En öll fjárfesting þjónustuveitanda vegna slíkra samninga í hugbúnaðar- og tölvurekstrarþjónustu eigi sér stað í upphafi þannig að fyrstu mánuð-ina taki þjónustuaðili á sig talsverðan kostnað vegna fjárfestinga, þannig að samningurinn sé af hans hálfu rekinn með tapi, sem síðan greiðist að fullu upp á samnings-tímanum með tiltekinni framlegð.

Stefnda hafi því allt frá upphafi verið fullkunnugt um samning aðila, enda form hans ákvarðað í samræmi við beiðni hans þar um, að umrædd þriggja ára binding með sex mánaða uppsagnarfresti væri grundvallarforsenda samningssambands aðila þar sem ella væri um að ræða forsendubrest frá sjónarhóli stefnanda. Stefnda hafi verið þetta alveg ljóst. Því sé enginn vafi á því í huga stefnanda að lögmætur samningur hafi komst á milli aðila á grunni loforða aðila þar um þess efnis er stefnandi haldi fram.

Byggi stefnandi á því að gildur samningur hafi stofnast á milli aðila og að stefndi hafi með tölvupósti 23. apríl 2019 rift honum með ólögmætum og saknæmum hætti, enda hafi engar forsendur eða verulegar vanefndir stefnanda staðið til þess að stefndi gæti með lögmætum hætti rift samningnum á þann hátt sem hann hafi gert. Bendi stefnandi á að samkvæmt samningnum skyldi hann taka gildi 1. október 2018 og vera óuppsegjanlegur næstu þrjú árin, enda lengd samningstímans alger forsenda áskriftar-samnings. Eftir þriggja ára samningstíma skyldi samningurinn svo vera uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara. Samkvæmt efni samningsins hafi stefnda því ekki verið heimilt að segja honum upp fyrr en að liðnum þremur árum og stefnandi ekki gert neitt á samningstíma er heimilað gat stefnda að rifta samningnum.

Riftun stefnda á samningi aðila hafi því verið fyrirvaralaus, ólögmet og í algerrí andstöðu við efni fyrirbyggjandi samnings, óaðfinnanlega framkvæmd hans og skilning beggja aðila á efni og tilvist samningssambands þeirra allt frá upphafi.

Með tölvupósti stefnda til stefnanda, dags. 23. apríl 2019, hafi stefndi tilkynnt að hann hygðist hætta að kaupa frekari þjónustu af stefnanda. Hafi þess þar enn fremur verið farið á leit við stefnanda að tryggt yrði við brotthvarf hans að sem minnst röskun yrði á starfsemi stefnda. Sé þá vísað til þess að stefndi hafi viljað upplýsa stefnanda um að hann hygðist einnig hætta að kaupa þar nefnda ósamningsbundna þjónustu.

Í yfirlýsingu um riftun samnings felist það að sá sem yfirlýsinguna gefi felli niður skyldu aðila til að efna samning þeirra *in natura*. Til þess að aðili samnings geti gefið slíka yfirlýsingu, þannig að bindandi verði fyrir gagnaðila, þurfi að vera uppfyllt það meginskilyrði að gagnaðili samnings hafi í verulegu efni vanefnt samning aðila. Fyrir liggir að engar slíkar vanefndir hafi verið til staðar af hálfu stefnanda sem réttlætt hafi yfirlýsingu stefnda um riftun þannig að stefnandi væri bundinn af yfirlýsingunni.

Stefnandi telji því að líta verði svo á að með hinni ólögmetu riftunaryfirlýsingu hafi stefndi fallið frá kröfu um að stefnandi myndi efna sínar skuldbindingar eftir efni samningsins og þannig fellt þær niður með einhliða yfirlýsingu af sinni hálfu, og sé bundinn af því. Stefndi geti þó ekki fellt niður sínar eigin skuldbindingar samkvæmt samningi með slíkri einhliða yfirlýsingu nema skilyrði til riftunar hafi verið til staðar. Þar sem engar verulegar vanefndir hafi verið til staðar af hálfu stefnanda hafi engar lögmetar forsendur verið fyrir stefnda að rifta samningnum á þann hátt sem hann hafi gert og verði stefndi því að teljast bundinn við efni hans. Við mat hér beri og að líta til þess að forsenda þess að áskriftarsamningar með fastverðsgreiðslum séu gerðir sé sú að samningurinn vari tiltekinn tíma þar til verksali hafi fengið til baka það framlag sem hann þurfi að inna af hendi í upphafi, auk eðlilegrar framlegðar af samningi.

Hvað dráttarvaxtakröfu stefnanda varði vísist til þess að reikningar samkvæmt samningi aðila hafi verið gefnir út 1. hvers mánaðar en verið á gjalddaga 20. hvers mánaðar, líkt og hreyfingaryfirlit og reikningar beri með sér. Þá vísist til þágildandi viðskiptaskilmála stefnanda þar sem kveðið sé á um 20 daga gjaldfrest reikninga. Taki krafa stefnanda því mið af því að 20. hvers mánaðar, frá 20. júní 2019 og fram til 20. mars 2022, hafi fallið í gjalddaga hjá stefnda 1.958.850 kr., auk virðisaukaskatts.

Krefjist stefnandi efnda á samningnum *in natura* sem feli í sér greiðslu úr hendi stefnda er jafngildi fjárhæð er nemi samtölu ógoldinna áskriftargreiðslna út samningstímamann, auk virðisaukaskatts samkvæmt lögum og dráttarvaxta, sbr. kröfugerð. Fallist dómurinn á aðalkröfu stefnanda sé gert ráð fyrir því af hálfu stefnanda að gefinn yrði út reikningur við uppgjör dómkröfu í samræmi við efni hennar þar sem virðisaukaskattur legðist á höfuðstól kröfunnar. Ljóst hafi verið strax í maí 2019 sökum hinnar

ólögmætu riftunaryfirlýsingar að stefndi hygðist ekki greiða frekar samkvæmt samningnum og því ekki þótt rétt að gefa út mánaðarlega reikninga í framhaldi þar sem ljóst væri að leita þyrfti til dómstóla til að fá úr lögmati riftunarinnar skorið.

Af hreyfingaryfirliti megi ráða að frá og með 1. apríl 2019 hafi verðskrá stefnanda hækkað hvað varði útselda vinnu og rekstrarþjónustuliði um 4% í samræmi við efni samnings og almenna viðskiptaskilmála stefnanda. Þrátt fyrir þá hækkun, sem stefnanda hafi verið heimilt að ákvarða samkvæmt efni samnings og almennum viðskiptaskilmálum, og að stefndi hafi greitt áskriftargjald í samræmi við þá hækkun tvo gjaldddaga, þ.e. í apríl og maí 2019, og einnig þá heimild í samningi aðila að mánaðarlegt gjald skyldi endurskoðast á 12 mánaða fresti, m.a. m.t.t. breytinga á launavísitölu, taki stefnufjárhæð mið af grunnfjárhæð samnings aðila, stefnda til hagsbóta. Geri stefnandi þannig hér kröfu um greiðslu á 34 x 1.958.850 kr., auk virðisaukaskatts, í samræmi við lög og samning aðila, auk dráttarvaxta, í þágu stefnda.

Ef svo ólíklega vilji til að dómurinn fallist ekki á það að stofnast hafi bindandi samningur á milli aðila sem stefnda hafi verið skylt að efna samkvæmt efni sínu geri stefnandi þá varakröfu að stefnda verði með dómi gert að greiða stefnanda 10.370.947 kr. Með því að fá hina umkröfðu fjárhæð greidda til sín, auk vaxta, yrði stefnandi eins settur og enginn samningur hefði verið gerður og stefnda þá aðeins gert að greiða fyrir vinnu samkvæmt tímagjaldi í samræmi við gjaldskrá og viðskiptaskilmála stefnanda sem stefnandi hafi skráð. Með því að fallast á þessa kröfu fengi stefnandi a.m.k. greiddan þann kostnað af samningsgerðinni sem féll á hann vegna þeirrar vinnu sem sannanlega hafi verið innt af hendi á umræddu tímabili fyrir stefnda að hans beiðni og ítarleg gögn liggja fyrir um í gögnum málsins. Þessi krafa stefnanda byggir því á því sjónarmiði að gera stefnanda nánast eins settan og enginn samningur hefði verið gerður. Fyrir liggja fyrir að stefnandi hafi talið að komist hafi á gildur samningur aðila og hafi starfað í góðri trú í samræmi við það líkt og atvik málsins beri um.

Þá hegðun stefnda að óska sérstaklega eftir því við stefnanda að gerður yrði við hann þjónustusamningur tiltekins efnis, þ.e. um áskriftargreiðslur fyrir vissa þjónustu fyrir tiltekið tímabil án þess að hann hafi nokkru sinni ætlað sér að gera slíkan samning og/eða viðurkenna að slíkur samningur hafi komist á, verði að telja afar ámælisverða og því bæði saknæma og ólögmæta er stefndi verði að bera fulla skaðabótaábyrgð á. Ljóst sé að þessi ólögmæta og saknæma hegðun hafi leitt af sér verulegt fjártjón fyrir stefnanda, vegna þeirrar miklu vinnu sem unnin hafi verið í þágu stefnda og hafi ekki fengist greidd á grundvelli þess að talið hafi verið að samningur aðila hefði komist á. Það sé augljóst orsakasamband á milli þeirrar miklu vinnu sem unnin hafi verið fyrir stefnda og ekki hafi fengist greidd og hinnar ólögmætu og saknæmu háttsemi stefnda.

Varakrafa stefnanda jafngildi fjárhæð er stefnda hefði borið að greiða stefnanda fyrir vinnustundir sem stefndi hafi óskað eftir að yrðu unnar í hans þágu samkvæmt

verkbeiðnum, er nánar eru tilgreindar í málgögnum, og stefnandi hafi raunverulega unnið fyrir stefnda á tímabilinu frá 1. október 2018 og fram til loka maí 2019, þ.e. að frádregnum greiðslum sem stefndi hafi sannanlega innt af hendi vegna þeirrar vinnu. Taki fjárhæð kröfunnar mið af þágildandi gjaldskrá stefnda og viðskiptaskilmálum.

Líkt og yfirlit þar um beri með sér hafi 1340 vinnustundir verið unnar af hálfu stefnanda í þágu stefnda á umræddu tímabili. Fyrir liggi gögn um tímagjöld sem stefnandi hafi innheimt á umræddum tíma í samræmi við gjaldskrá sína og útreikningar hans byggi á. Samkvæmt þeim gögnum hefði stefnda þá borið að greiða stefnanda alls 29.000.915 kr. án virðisaukaskatts fyrir hér umrædda vinnu. Á tímabilinu hafi stefndi greitt stefnanda í átta greiðslum alls 15.827.508 kr., auk virðisaukaskatts, vegna þjónustusamningsins. Þá hafi stefndi greitt stefnanda alls 774.425 kr., auk virðisaukaskatts, í apríl 2019 þegar stefndi hafi greitt útgefinn reikning vegna vinnu stefnanda fyrir stefnda í mars 2019. Því til viðbótar hafi stefndi verið dæmdur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6925/2019 til að greiða stefnanda þrjá reikninga, útgefna í febrúar og mars 2019, vegna vinnu stefnanda í þágu stefnda, en þeir reikningar hafi án virðisaukaskatts numið alls 2.028.035 kr. Hafi þeir reikningar verið greiddir af stefnda, auk virðisaukaskatts og dæmdra dráttarvaxta, þann 1. júní 2021. Með hliðsjón af framangreindu miði varakrafa stefnanda við 10.370.947 kr. en í gögnum málsins sé þá að finna nánari sundurliðun á henni.

Af hreyfingaryfirliti sjáist að heildargreiðslur stefnda til stefnanda á tímabilinu október 2018 til maí 2019 hafi numið 20.660.642 kr. Af þeim hafi þó þrjár greiðslur, alls að fjárhæð 68.373 kr., verið vegna vörukaupa, sbr. reikninga. Líkt og yfirlitið beri með sér hafi stefndi einnig greitt 5.872 kr. í dráttarvexti á tímabilinu, en fjárhæðir á hreyfingaryfirlitinu séu tilgreindar m.t.t. virðisaukaskatts.

Hvað dráttarvaxtakröfu varakröfu varði, þá vísist til 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 og þess að kröfubréf hafi verið sent stefnda þann 16. september 2019, þar sem stefndi hafi sannanlega verið krafinn um greiðslu vegna þjónustu stefnanda til handa stefnda.

Vísist til meginreglna samningaréttar um skuldbindingargildi samninga og kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Byggt sé á almennu sakar- og húsbóndareglunni innan og utan samninga. Um vexti vísist til laga nr. 38/2001, en um málskostnað og varnarþing til ákvæða V. og XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda. Aðalkrafa stefnanda nemi 66.600.900 kr., auk tilgreindra dráttarvaxta og virðisaukaskatts. Krafan sé á því reist að í október 2018 hafi tekist með málsaðilum samningur til a.m.k. þriggja og hálfes árs. Krafist sé efnda á þeim samningi er sagður sé hafa komist á. Aðalkrafan gangi út á efndir *in natura* á þessum meinta samningi en ekki efndabætur. Stefndi hafni því að

sá samningur á milli aðila hafi komist á. Hvergi í gögnum málsins komi fram að stefnandi og stefndi hafi litið svo á að samningurinn hafi komist á. Þvert á móti sé ljóst að eftir hafi verið að ákvarða alla meginþætti slíks samnings, þ.e. hvaða verkefni féllu undir þjónustu stefnanda við stefnda, verð, gildistíma, uppsagnarfrest og annað.

Frá 25. september til 1. október 2018 hafi stefnandi sent stefnda þrenn drög að samningum. Öll drögin séu mismunandi hvað varði þjónustuleiðir, verð og, síðast en ekki síst, gildistíma. Enginn slíkur undirritaður samningur hafi verið fyrir hendi, heldur aðeins mismunandi drög að þjónustusamningi stefnanda við stefnda, sem stefnandi hafi samið einhliða. Stefnandi hafi valið að fara þá leið að byggja á síðustu drögum, sem sé hagstæðast fyrir stefnanda, m.a. m.t.t. þess að þau hafi lengstan gildistíma.

Þá bendir stefndi á þau tölvupóstsamskipti sem hafi átt sér stað í kringum og eftir 1. október 2018. En upphaflega, 25. september 2018, hafi þar aðeins verið miðað við verksamning til þriggja mánaða. Í samningsdrögum sem hafi svo verið send 1. október 2018 frá Jóhanni Mássyni til Gísla Heimissonar komi sérstaklega fram að um sé að ræða „uppkast“ að samningi milli aðila, en ekki endanleg drög eða fullbúinn samning. Þvert á móti hafi því strax verið ljóst að bæta þyrfti úr samningsdrögunum. Hafi Gísli Heimisson síðan framsent umræddan tölvupóst til Edwards Arnar Jóhannessonar, starfsmanns Miracle, en hann hafi verið helsti ráðgjafi stefnda um PCI-innleiðinguna. Í þeim pósti komi sérstaklega fram að drögin væru afar einföld og væri þar mjög „lítið kjöt á beinunum“. Hafi Gísli því óskað eftir því við Edward að hann hjálpaði stefnda við að koma inn almennilegum lýsingum á skyldum stefnanda og verklagi. Daginn eftir hafi Gísli svo sent tölvupóst til Jóhanns Mássonar, starfsmanns stefnanda, þar sem þessu sé lýst og að það þurfi að „setja meira kjöt á beinin til að lýsa því sem er inni og því sem er úti“. Ljóst sé því að á þessum tíma hafi talsvert meira þurft að koma til svo að samningur gæti verið undirritaður og samþykktur af báðum aðilum.

Eftir að reikningur hafi borist frá stefnanda til Indriða Freys Indriðasonar hjá stefnda, 18. október 2018, hafi Gísli sagt í tölvupósti að enginn samningur væri kominn á vegna þjónustu stefnanda. Ljóst sé að stefnandi hafi heldur ekki litið svo á að kominn væri á samningur 6. nóvember 2018 þegar Guðmundur Arnar Þórðarson, starfsmaður stefnanda, hafi sent Indriða tölvupóst með trausts- og viljayfirlýsingu, og þá óskað eftir því að gengið yrði frá slíkri yfirlýsingu. Í yfirlýsingunni komi beinlínis fram að stefnandi og stefndi væru að vinna að þjónustusamningi um frekara samstarf á næstu misserum og að aðilar ætluðu að halda áfram því samstarfi. Í tölvupósti 5. desember 2018 frá Jóhanni Mássyni, starfsmanni stefnanda, til Sigurhjartar Sigfússonar hjá stefnda komi síðan fram að aðilar þyrftu að hittast vegna samstarfsins og að það þyrfti að ganga frá því hvernig aðilar vildu taka samstarfið áfram. Ljóst sé að á þeim tímapunkti hafi hvorugur aðila lagt til grundvallar að samningur væri kominn á.

Þá bendi stefndi á að það hafi staðið stefnanda nær að tryggja að samningur væri undirritaður og tæki gildi ef hann hygðist byggja á honum til framtíðar. Stefndi byggði á því að samningur aðila frá 20. ágúst 2018 kveði sérstaklega á um það að hvers kyns breytingar eða viðbætur við samninginn skuli gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum. Hafi stefnandi því ekki getað vænst þess að drög að síðari samningi gætu haft bindandi verkan nema við undirritun. Sé þetta og í samræmi við almenna viðskiptaskilmála stefnanda þar sem segi beinlínis: „Heildarsamningur telst kominn á þegar samningur, samningsviðauki eða tilboð hefur verið samþykkt skriflega eða með rafrænu samþykki svo sem í tölvupósti.“

EKKI LIGGI FYRIR SKRIFLEGUR UNDIRRITAÐUR SAMNINGUR NEMA ÞÁ AÐEINS SAMNINGURINN FRÁ 20. ÁGÚST 2018. EKKERT SKRIFLEGT SAMÞYKKI LIGGI FYRIR VARÐANDI SAMNINGSDRÖGIN SEM SEND HAFI VERIÐ Í LOK SEPTEMBER OG 1. OKTÓBER 2018. EKKERT SAMÞYKKI LIGGI TIL GRUNÐVALLAR ÞEIM OG GETI STEFNANDI ÞVÍ EKKI BYGGT KRÖFU SÍNA Á ÞVÍ AÐ SAMNINGUR HAFI KOMIST Á, SÉR Í LAGI ÞAR SEM SLÍK TÚLKUN FARI GEGN ÁKVÆÐUM SEM STEFNANDI HAFI SAMIÐ EINHLIÐA, Í STÖÐLUÐUM SAMNINGUM TIL ANNARRA AÐILA OG Í VIÐSKIPTASKILMÁLUM SÍNUM. ÞAR SEM UM SÉ AÐ RÆÐA EINHLIÐA SAMIN ÁKVÆÐI VERÐI AÐ TÚLKA ÞAU ÁKVÆÐI STEFNANDA Í ÓHAG.

Fyrir liggja að stefnandi hafi sinnt tiltekinni þjónustu fyrir stefnda án samnings og fengið greitt fyrir samkvæmt útgefnum reikningum á þeim tíma. Á tímabilinu hafi verið unnið að nánara samstarfi sem ekki hafi orðið grundvöllur fyrir þar sem þekking stefnanda á PCI-öryggisstaðli hafi verið of takmörkuð fyrir stefnda. Hafi stefnda því verið rétt að tilkynna stefnanda um það að ekki yrði af frekari viðskiptum vegna hinnar ósamningsbundnu vinnu sem stefnandi hafði þá sinnt fyrir stefnda frá 1. október 2018. Sé því þá mótmælt að einhvers konar samningi, öðrum en þeim sem í gildi hafi verið frá ágúst 2018, hafi verið rift eða sagt upp með ólögumætum hætti. Um hafi verið að ræða ósamningsbundna vinnu og stefnanda verið send tilkynning þess efnis að ekki væri óskað frekari þjónustu frá stefnanda. Hvergi sé kveðið á um riftun eða uppsögn þess samnings er stefndi telji að hafi komist á þann 1. október 2018. Byggi þetta enn frekar undir málátilbúnað stefnda. Verði því að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda.

Þá sé enn fremur á því byggt að jafnvel þótt einhver samningur teljist hafa komist á milli aðila sé því andmælt að hann hafi haft gildistíma svo lengi sem krafist sé í máli þessu. Á slíkar skuldbindingar geti stefndi aldrei talist hafa fallist. Þá sé öllu inntaki meints samnings andmælt en stefnandi beri alla sönnunarbyrði um það hvaða samningur hafi komist á og hvers efnis, en stefnandi hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði. En skýrslutökur af aðilum og vitnum við aðalmeðferð í hinu fyrra máli aðila hafi einkum og sér í lagi lotið að því hvort samningur á milli aðila hefði komist á eða ekki.

Stefndi byggði kröfu um sýknu af aðalkröfu stefnanda einnig á því að ef talið verði, þvert á framangreind andmæli, að einhver samningur hafi komist á milli aðila og að stefndi hafi hafnað efndum hans með skeytinu 23. apríl 2019 leiði af dómum

Hæstaréttar í málum nr. 83/2016 og 648/2010 að stefnanda sé ekki fært í máli þessu að krefjast efnda á hinum meinta samningi og geti þá í mesta lagi átt rétt til efndabóta. Þannig segi í dómi réttarins í máli nr. 83/2016 að við þessar aðstæður geti kröfuhafi ekki krafist efnda samkvæmt aðalefni samnings heldur geti þá eftir atvikum aðeins hafa öðlast rétt til efndabóta. Þá sé áréttað í dóminum að samkvæmt almennum reglum um efndabætur beri kröfuhafa við þessar aðstæður að grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr tjóni sínu. En vanræki hann þá tillitsskyldu verði bætur lækkaðar að því marki sem honum hefði verið kleift að takmarka tjón sitt.

Í aðalkröfu krefjist stefnandi aðeins efnda *in natura* en ekki efndabóta. Sé sú krafa reist á því að tiltekinn samningur hafi komist á og sé krafist efnda á honum að fullu. Stefnandi eigi hvað sem öllu líði ekki rétt á slíkum efndum, sbr. áður greinda dóma, og verði því að sýkna af aðalkröfu þegar af þeim ástæðum þótt ekkert annað kæmi til.

Stefnandi krefst þá til vara vangildisbóta úr hendi stefnda að fjárhæð 10.370.947 kr. auk dráttarvaxta. Markmið með vangildisbótum sé að gera aðila eins settan og ef samningur hefði aldrei verið gerður. Stefndi hafni því að skilyrði vangildisbóta séu uppfyllt. Skilyrði slíkra bóta sé sök, að stefndi hafi hagað sér með saknæmum og ólögmaetum hætti í samskiptum aðila. Þá verði að uppfylla almenn bótaskilyrði um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu. Skilyrðum vangildisbóta sé ekki fullnægt.

Stefndi hafni því að hafa hér sýnt af sér sök. Ekkert í samskiptum aðila í tengslum við viðskiptasamband þeirra hafi verið saknæmt eða ólögmaett af hálfu stefnda. Athafnir og aðgerðir stefnanda í viðskiptasambandinu hafi alfarið verið á hans áhættu og ekki tilkomnar vegna sakar stefnda. Hafi stefnandi kosið að haga samskiptum, vinnu sinni og innheimtu fyrir hana með þeim hætti sem hann hafi gert án þess að samningur væri kominn á. Við stefnanda sé einan að sakast í því og geti hann ekki hafa verið „í góðri trú“ um að samningur hafi verið kominn á sem ekki hafi verið. Hann geti heldur ekki mörgum árum síðar sett fram kröfu um vangildisbætur reistar á þeim grunni að hann hefði átt að haga athöfnum sínum með öðrum hætti en hann hafi gert. Engin skilyrði standi til þess, nú mörgum árum síðar, að greiða fyrir einhverjar 1340 vinnustundir á tímagjaldi sem stefnandi stilli upp sjálfur og þá að eigin geðþótta. Á slíkt hefði aldrei verið fallist af hálfu stefnda á sínum tíma og verði ekki gert nú.

Þá sé á því byggt að umfang vinnu stefnanda sé ósannað og tímagjaldi andmælt. Tímaskýrsla stefnanda geti enga þýðingu eða sönnunargildi haft og tjónið ósannað.

Verði fallist á þá málsástæðu stefnanda að samningur milli stefnanda og stefnda hafi komist á 1. október 2018 og að stefnandi eigi rétt til efnda *in natura* byggi stefndi á því að lækka skuli þá kröfu verulega. Geti krafa stefnanda þá aldrei verið hærri en mögulegur hagnaður hans á þessu tímabili enda sé það þá sannanlegt tjón stefnanda. Hafi stefnanda jafnframt borið að takmarka tjón sitt eins mikið og mögulegt hafi verið. Umfang tjóns sé hér ósannað og sé a.m.k. verulega lægra en stefnandi leggi upp með.

Þá telji stefndi fráleitt að krafa stefnanda skuli miða við tekjur í 34 mánuði án nokkurs vinnuframlags stefnanda á þar umræddu tímabili.

Komist dómurinn þó að því að samningur hafi komist á milli aðila þá verði að líta til eðlilegra þátta varðandi kröfu stefnanda. Uppsagnarfrest verði þá í lengsta lagi að miða við greiðslur til þriggja mánaða, sem feli þó í sér ríflega greiðslu til handa stefnanda, án nokkurs framlags af hans hálfu. Sé það einnig í samræmi við ákvæði samningsins frá 20. ágúst 2018 og þann skilning sem hafi verið á milli aðila í fyrstu samningsdrögum er komu fram. Frekari greiðslur séu bæði ósanngjarnar og órökréttar í skilningi kröfu- og samningaréttar og eigi sér enga lagalega stoð. Beri því að lækka kröfu stefnanda verulega, verði fallist á það að samningur hafi komist á milli aðila.

Hafnað sé að aðalkrafa stefnanda geti borið dráttarvexti fyrr en við dómsuppsögu.

Verði fallist á að skilyrði vangildisbóta séu uppfyllt sé umfangi þeirra andmælt, en umfang vinnu stefnanda og þá til réttmætra bóta sé ósannað. Sérstaklega skuli bent á að ekki fái staðist að miða við tímagiöld þau sem stefnandi leggi upp með í kröfu um vangildisbætur, enda séu þau án afsláttar. Ljóst sé að svo umfangsmikil vinna hefði alltaf leitt til veitingar afsláttar, a.m.k. 20%. Verði að lækka kröfu stefnanda sem því nemi (um 5,8 milljónir kr., sé hliðsjón höfð af uppleggi stefnanda). En í tölvupósti sem stafað hafi frá stefnanda sjálfum, 7. maí 2019, hafi mátt sjá tillögu hans um að ljúka málinu og þar lagt upp með 10% samningsafslátt vegna umfangs vinnu. Kröfu stefnanda verði því í minnsta lagi að lækka um 2,9 milljónir kr. af þessum sökum.

Því sé þá hafnað að dráttarvextir geti fallið á vangildisbótakröfu á fyrra tímamarki en við dómsuppsögu, en athygli skuli vakin á því að vangildisbótakrafa hafi fyrst verið sett fram í stefnu í máli þessu sem birt hafi verið 16. maí 2022. Í fyrra máli aðila og kröfubréfi hafi stefnandi aðeins sett fram efndabótakröfu en ekki um vangildisbætur.

Stefndi krefst í máli þessu málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Byggt sé m.a. á meginreglum samninga- og kröfuréttar, sem og á 80. gr. laga nr. 91/1991, sem og á meginreglum einkamálaréttfars um skýra og glögga kröfugerð og málatalbúnað, en um málskostnaðarkröfu vísist til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila afmarkast, eins og hann liggur nú endanlega fyrir, einkum við það hvort sannanlega hafi komist á annar og frekari samningur þeirra um frekari þjónustu stefnanda við stefnda, en sá frá 20. ágúst 2018, er óumdeilt lá fyrir í upphafi. En stefnandi byggir hér á því að í framkvæmd hafi komist á slíkur samningur aðila frá og með 1. október 2018, eins og liggur fyrir í óundirrituðum drögum í málinu, og þeim samningi hafi síðan verið rift með ólögætum hætti af stefnda 23. apríl 2019. Byggir aðalkrafa stefnanda um efndir *in natura* á því að stefnanda beri fullar efndir slíks samnings sem stefnandi vísar og til að hafi sætt athugasemdalausri framkvæmd aðila.

Stefndi vísar hér hins vegar einkum til þess að ósannað sé að nokkur slíkur frekari samningur hafi komist á og vísar þar til fyrirbyggjandi samskipta af hálfu fulltrúa aðila um drögin og skilmála stefnanda sjálfs um að gera beri slíka samninga skriflega, en stefndi kveðst ekki hafa verið að rifta slíkum samningi þá samstarfinu hafi verið slitið.

Með hliðsjón af því sem liggur fyrir, í gögnum málsins og í miklum fjölda af skýrslum fyrirsvarsmanna málsaðila sem og vitna fyrir dómi, sem og þeirri staðreynd að enginn skriflegur undirritaður samningur liggur fyrir annar en sá frá 20. ágúst 2018, þótt stefnandi virðist almennt hafa áskilið skriflega samninga í sinni starfsemi, þá telur dómurinn, þrátt fyrir þá framkvæmd sem virðist hafa verið viðhöfð í átt að frekara samstarfi aðila um tíma, að ósannað sé að komist hafi á slíkur frekari samningur til ákveðins tíma líkt og stefnandi byggir málatilbúnað sinn á. Er því fallist á með stefnda að stefnandi hafi hér ekki getað staðreynt eiginlega tilurð og um efni slíks samnings. Þegar af þeirri ástæðu verður því fallist á með stefnda að aðalkrafa stefnanda geti ekki komið til álita eftir efni sínu og þarf þá ekki frekari umfjöllun um kröfugrundvöllinn.

Hvað varðar þá hins vegar varakröfu stefnanda, þá er hún einnig fjárkrafa líkt og aðalkrafa hans, en tekur ljóslega einfaldlega mið af þeirri auknu vinnu sem stefnandi lagði af mörkum á umræddu tímabili umfram það sem leiddi af samningi aðila frá 20. ágúst 2018. En stefnandi metur þá umframvinnu sem alls 1340 stundir á því tímagjaldi sem stefnandi seldi þá út slíka tilfallandi vinnu sína og fær þannig út heildarkröfu upp á alls 10.370.947 kr., en stefnandi hefur lagt fram gögn í málinu þessu til stuðnings.

Af hálfu stefnda er þessari eftirstandandi varakröfu stefnanda mótmælt, þá m.a. í ljósi þess að stefnandi vísar ítrekað til þess að kröfugrundvöllurinn sé vangildisbætur fremur en innheimta á reikningum fyrir ógreidda vinnu, sem virðist þó vera raunin, en auk þessa telur stefndi kröfuna of háa og þá m.a. með vísan til þeirra viðskiptahátta að veita afslátt af slíku tímagjaldi, en fyrir liggja m.a. slíkt tilboð stefnanda um lyktir.

Í ljósi alls þess sem liggur fyrir og skýrðist raunar enn frekar við flutning málsins þá telur dómurinn að vísun stefnanda til vangildisbóta feli hér ekki í sér slíka vanreifun um kröfugrundvöll að það hafi verið til þess fallið að hindra efnislegar varnir stefnda varðandi umrædda varakröfu stefnanda um það að fá greitt fyrir vinnu í þágu stefnda. Verður enn fremur fallist á það að framangreind fyrirbyggjandi gögn af hálfu stefnanda sýni nægilega fram á umfang þeirrar vinnu og eðlilegt gjald fyrir hana en ekki er annað sýnt í málinu en að stefnandi andmæli því ekki að slík umfram vinna hafi átt sér stað.

Telur dómurinn því að fallast beri hér við svo búið á eftirstandandi varakröfu stefnanda, nema hvað að með vísan til fyrirbyggjandi upplýsinga um 10% afslátt af slíkum tímafjölda, er telja verði að stafi að nokkru frá stefnanda sjálfum, beri að færa höfuðstól kröfunnar niður um 2,9 milljónir kr. og stendur hún þá í alls 7.470.947 kr., sem er þá sú krafa stefnanda á hendur stefnda er dómurinn getur fallist á að teljist rétt.

Með hliðsjón af hér framangreindu, kröfum stefnenda og málsástæðum stefnda, telur dómurinn rétt að dráttarvextir taki hér mið af 16. júní 2022, sbr. stefnubirtingu.

Að öllu framangreindu virtu verður það því niðurstaða dómsins að stefnda verði gert að greiða stefnanda 7.470.947 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2022 og til greiðsludags.

Í ljósi framangreindra lykta þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Málið flutti fyrir stefnanda Lúðvík Bergvinsson lögmaður en fyrir stefnda flutti málið Arnar Þór Stefánsson lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Rapyd Europe hf., greiði stefnanda, Fjöru ehf., 7.470.947 krónur, ásamt með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. júní 2022 og til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson